

## ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2008/EES/38/08

frá 2. mars 2005

um að heimila Eistlandi, Lettlandi, Litháen og Möltu að samþykkja strangari kröfur að því er varðar flughafra, *Avena fatua*, í sáðkorni (\*)

(tilkynnt með númeri C(2005) 462)

(Aðeins eistnesku, lettnesku, litháísku og maltnesku textarnir eru fullgildir)

(2005/200/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

- 3) Í Eistlandi, Lettlandi, Litháen og á Möltu gilda strangari kröfur um innlenda framleiðslu sáðkorns en þær sem mælt er fyrir um í tilskipun 66/402/EBE. Að auki stendur yfir herferð til að útrýma flughöfrum úr korni sem er ræktað í þessum aðildarríkjum.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

- 4) Því ber að heimila Eistlandi, Lettlandi, Litháen og Möltu að samþykkja strangari kröfur en þær sem mælt er fyrir um í tilskipun 66/402/EBE að því er varðar markaðssetningu sáðkorns sem er upprunnið í öðrum löndum.

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/402/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu sáðkorns <sup>(1)</sup>, einkum mgr. 1a í 14. gr.,

- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fræ og fjölgunarefni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt.

með hliðsjón af beiðni Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens og Lýðveldisins Möltu,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

- 1) Í tilskipun 66/402/EBE er mælt fyrir um vikmörk að því er varðar flughafra í sáðkorni.
- 2) Eistland, Lettland, Litháen og Malta hafa óskað eftir heimild til að beita strangari kröfum við markaðssetningu sáðkorns en þeim sem settar eru fram í tilskipun 66/402/EBE.

Eistlandi, Lettlandi, Litháen og Möltu er heimilt að mæla fyrir um að sáðkorni, sem á að markaðssetja á yfirráðasvæðum þeirra, verði að fylgja opinbert vottorð, eins og kveðið er á um í 11. gr. tilskipunar 66/402/EBE, til staðfestingar á því að skilyrðin, sem mælt er fyrir um í 2. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 74/268/EBE <sup>(2)</sup>, séu uppfyllt.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjórnartíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 19. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 141/2005 frá 2. desember 2005 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 10, 23.2.2006, bls. 11.

<sup>(1)</sup> Stjórnartíð. EB L 125, 11.7.1966, bls. 2309/66. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2004/117/EB (Stjórnartíð. ESB L 14, 18.1.2005, bls. 18).

<sup>(2)</sup> Stjórnartíð. EB L 141, 24.5.1974, bls. 19. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 78/511/EBE (Stjórnartíð. EB L 157, 15.6.1978, bls. 34).

## 2. gr.

Eistland, Lettland, Litháen og Malta skulu tilkynna framkvæmdastjórninni frá hvaða degi og hvernig þau ætli að nýta sér heimildina sem er veitt í 1. gr.

Þegar Eistland, Lettland, Litháen og Malta samþykkja ráðstafanir samkvæmt heimildinni sem kveðið er á um í 1. gr. skulu þau þegar í stað tilkynna framkvæmdastjórninni um þessar ráðstafanir og frá hvaða tíma þær gilda.

Framkvæmdastjórnin skal tilkynna það hinum aðildarríkjunum.

## 3. gr.

Þessari ákvörðun er beint til Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens og Lýðveldisins Möltu.

Gjört í Brussel 2. mars 2005.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

MARKOS KYPRIANOU

*framkvæmdastjóri.*